

Aðalfundur SFV haldinn að Seltjörn hjúkrunarheimili 1. apríl 2019.

EHH bauð fólk velkomið og þakkaði gestgjöfum það að fá að halda fundinn á þessu nýja fallega heimili. Hún stakk upp á Kristjáni Sigurðssyni framkvæmdastjóra Vigdísarholts sem fundarstjóra, sem var samþykkt með lófataki og tók hann við stjórn fundarins. Uppástunga um ritara fundarins MÁÓ var einnig samþykkt. Engar athugasemdir gerðar við boðun fundarins sem var úrskurðaður lögmætur.

Síðan var gengið til venjulegrar aðalfundardagskrár, PM flutti skýrslu stjórnar og stiklaði þar á stóru í starfsemi vetrarins auk þess að benda á nýútgefna Ársskýrslu þar sem fólk gæti aflað sér frekari upplýsinga. Formaðurinn dró ekki í efa mikilvægi samtakanna í hagsmunagæslu í samskiptum við ríkið og fór fögrum orðum um þann happafeng sem starfsmenn SFV þær EHH og GEK eru fyrir samtökin og var þeim klappað lof í lófa af fundarmönnum. Framundan er kjarasamningsgerð, aðeins 2 aðildarfélög eiga eftir uppgjör á lífeyrisskuldbindingum, samingagerð fyrir dagdvalir gengið brösulega en eftir að SFV fékk óháðan aðila til að gera kostnaðagreiningu kom í ljós að ríflega 30% vantar upp á það fjármagn sem þarf til að hægt sé að standa undir þeim kröfum sem hið opinbera hafði lagt fram í samningaviðræðunum. Rammasamningur sem hjúkrunarheimilin hafa haft rann út um síðustu áramót en viðræður um endurnýjun hans runnu út í sandinn sl. vor. Fyrir ca. 2 vikum var fundur með Sí þar sem rætt var hverju ber að hætta í þjónustunni til að endar nái saman? hætta lækniþjónustu utan dagvinnutíma? Persónuverndarmálin, ný lög tóku gildi fyrir tæpu ári og GEK séð um mikla og góða fræðslu til aðildarfélaga. Ráðuneytið setti fram Heilbrigðisstefnu og þar er ekki minnst á hjúkrunarheimili eða endurhæfingu. Að lokum bauð PM tvö ný aðildarfélög velkomin, Sólvelli á Eyrarbakka og MS félagið.

Því næst var komið að því að fara yfir ársreikninginn og gerði gjaldkerinn ÁB það og talaði einnig fyrir dagskrárlið nr. 8, tillögu að árgjöldum komandi starfsárs.

Fundarstjóri bauð svo fundarmönnum að gera athugasemdir við skýrslu stjórnar og ársreikninga.

GPP hvað sér hljóðs og lýsti ánægju með störf samtakanna og að hann væri sáttur við hækkun aðildargjalda enda ærið starf framundan.

Engar frekari athugasemdir voru gerðar við skýrslu stjórnar, ársreikninga eða aðildargjöld.

Voru ársreikningar samtakanna samþykktir með lófataki fundarmanna. Voru árgjöld ársins 2019 einnig samþykkt með lófaklappi fundarmanna.

Kosningar formanns, annara stjórnarmanna og skoðunarmanna ársreikninga var samþykkt með lófaklappi, en allir fengu endurkjör og engin mótframboð höfðu borist.

Undir liðnum önnur mál talaði EHH um þá framkvæmd þegar einingarverð rammisamnings hjúkrunarheimila fyrir árin 2017 og 2018 var skert með afturvirkum hætti um mitt ár 2018, samkvæmt fyrirmælum frá velferðarráðuneytinu. Stjórn SFV hefur fengið minnisblað frá Andra Árnasyni lögmanni sem komst að þeirri niðurstöðu að sú framkvæmd velferðarráðuneytisins að setja fram þau fyrirmæli að 0,5% aðhaldskrafa fjárlaga yrði reiknuð inn í leiðréttingu einingarverðs vegna ársins 2018 og fyrirmælin sem slík, hafi verið háð annmörkum. EHH sagði einnig frá því að búið væri að setja niður viðræðuáætlanir við öll stéttarfélagin en ekki væri áætlun um að fara af stað fyrr en búið væri að semja á almenna markaðnum og einnig við ríki og sveitarfélög.

Steingrímur Ari Arason sagði mikilvægt að samningar væru virtir og fylgja ætti eftir þessari niðurstöðu lögmannsins, ef á þeim var brotið. Ræddi einnig um að samningsleysið væri vandi og beindi spurningu til PM um viðtal við hann í fréttum um útlagakostnað og S-merkt lyf. PM svaraði því að greiðslan fyrir S-merkt lyf hefði flust til LSH frá Sí en að ekki hefði verið greitt vegna útlagakostnaðar frá 2017.

GPP sagði frá málaferlum Grundar og Hrafnistu við Ríkið vegna húsnæðiskostnaðar sem þeir hefðu tapað í héraði en eftir væri að taka afstöðu til dómsins.

BBP varaformaður SFV lagði til að fundurinn samþykkti ályktun um stöðu samtakanna gagnvart ríkinu í ýmsum málaflokkum, hann las ályktunina sem var samþykkt án breytinga.

Jóhann J. Ólafsson stjórnarformaður Grundar sagði að ef gerður væri nýr rammisamningur yrði að vera klárt að hann dygði fyrir kröfunum sem ríkið gerir til heimilanna.

Júlíus Rafnsson fór yfir sögu SFV frá 2002 (en hann stæði nú á þeim tímamótum að hann sæti nú sinn síðasta aðalfund) og mikilvægi þeirra væri augljóst og óskaði velgengni til framtíðar og þakkaði samfylgdina.